

Lagabreytingatillögur frá stjórn fvb:

(að teknu tilliti til hugsanlegra stafsetningavillna, línubils og greinamerkja).

Tilhögun: Viðkomandi grein er sett upp að hluta eða í heild óbreytt, síðan sýndar breytingatillögur og loks niðurstaða.

Úr 9. gr.

9. gr.

Félagsmönnum ber að upplýsa stjórn félagsins um breytingar sem verða á lögheimili þeirra og heimilisfangi starfsstöðvar, sem og netfangi. Skal stjórnin halda nákvæma félagaskrá. Við hverja ústrikun úr skránni skal geta dagsins þegar hún er gerð. Sending fundarboða og annarra tilkynninga er gild ef þær eru sendar á heimilisfang eða netfang þeirrar starfsstöðvar sem hann hefur tilkynnt.

Tillaga að breytingu á 9 grein:

Félagsmönnum ber að upplýsa stjórn félagsins um breytingar sem verða á lögheimili þeirra og heimilisfangi starfsstöðvar, sem og netfangi. Skal stjórnin halda nákvæma félagaskrá **og varðveita öll gögn varðandi inn- og útskráningar félaga.** Við hverja ústrikun úr skránni skal geta dagsins þegar hún er gerð. Sending fundarboða og annarra tilkynninga er gild ef þær eru sendar á heimilisfang eða netfang þeirrar starfsstöðvar sem hann hefur tilkynnt.

Eftir breytingu á 9 grein:

Félagsmönnum ber að upplýsa stjórn félagsins um breytingar sem verða á lögheimili þeirra og heimilisfangi starfsstöðvar, sem og netfangi. Skal stjórnin halda nákvæma félagaskrá og varðveita öll gögn varðandi inn- og útskráningar félaga. Sending fundarboða og annarra tilkynninga er gild ef þær eru sendar á heimilisfang eða netfang þeirrar starfsstöðvar sem hann hefur tilkynnt.

Úr 11. gr.

Stjórn og nefndir

11. gr.

Varaformaður skal kosinn til eins árs í senn og þrjú meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára.

Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formannskjöri en enginn þeirra helming greiddra atkvæða skal kosið að nýju milli þeirra tveggja er flest atkvæði hluta í fyrri kosningu.

Varamenn skulu kosnir til tveggja ára, einn á hverju ári.

Stjórnin skiptir með sér verkum; ritari, gjaldkeri og bókarari.

Tillaga að breytingu á 11 grein/1:

Varaformaður skal kosinn til eins árs í senn og þrjú meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára **og er**

kosið um einn annað árið og tvo hitt. Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formannskjöri en enginn þeirra helming greiddra atkvæða skal kosið að nýju milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu.

Eftir breytingu á 11 grein/1:

Varaformaður skal kosinn til eins árs í senn og þrír meðstjórnendur eru kosnir til tveggja ára og er kosið um einn annað árið og tvo hitt. Ef fleiri en tveir fá atkvæði í formannskjöri en enginn þeirra helming greiddra atkvæða skal kosið að nýju milli þeirra tveggja er flest atkvæði hlutu í fyrri kosningu.

Úr 11. gr.

Laga-, samskipta- og aganefnd er skipuð þremur félagsmönnum. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um einn annað árið og tvo hitt. Varamenn eru tveir og skulu þeir kosnir til eins árs ísenn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs í senn.

Tillaga að breytingu á 11 grein/2:

Laga-, samskipta- og aganefnd er skipuð þremur félagsmönnum, þar af er einn formaður. Nefndin skiptir með sér störfum. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um einn annað árið og tvo hitt.

Eftir breytingu á 11 grein/2:

Laga-, samskipta- og aganefnd er skipuð þremur félagsmönnum, þar af er einn formaður. Nefndin skiptir með sér störfum. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um einn annað árið og tvo hitt.

Úr 11. gr.

Sérstök nefnd, fræðsluefnd, skal hafa umsjón með endurmenntun félagsins, m.a. námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt verklagsreglum sem stjórnin setur. Skal einn stjórnarmaður vera tengiliður stjórnar og fræðslunefndar.

Fimm nefndarmenn skulu vera í fræðslunefndinni, þar af einn formaður. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um tvo annað árið og þrjá hitt.

Tillaga að breytingu á 11 grein/3:

Sérstök nefnd, fræðsluefnd, skal hafa umsjón með endurmenntun á vegum félagsins, m.a. námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt verklagsreglum sem stjórnin setur eða samþykkir. Skal einn stjórnarmaður vera tengiliður stjórnar og fræðslunefndar.

Fimm nefndarmenn skulu vera í fræðslunefndinni, þar af einn formaður. Nefndin skiptir með sér störfum. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um tvo annað árið og þrjá hitt.

Eftir breytingu á 11 grein/3:

Sérstök nefnd, fræðsluefnd, skal hafa umsjón með endurmenntun á vegum félagsins, m.a. námskeiðum og ráðstefnum fyrir félagsmenn samkvæmt verklagsreglum sem stjórnin setur eða samþykkir. Skal einn stjórnarmaður vera tengiliður stjórnar og fræðslunefndar.

Fimm nefndarmenn skulu vera í fræðslunefndinni, þar af einn formaður. Nefndin skiptir með sér störfum. Nefndarmaður skal sitja í a.m.k. tvö ár. Kosið er um tvo annað árið og þrjá hitt.

Úr 11. gr.

Skrifstofustjóri er á launum hjá félaginu og sér um daglegan rekstur félagsins ásamt þeim störfum sem stjórn ákveður hverju sinni, samkvæmt verklagsreglum. Stjórn tekur ákvörðun varðandi starfshlutfall og laun skrifstofustjóra.

Tillaga að breytingu á 11 grein/4:

Stjórnin getur ráðið starfsmann sem umsjónarmann skrifstofu félagsins.

~~Skrifstofustjóri~~ *Umsjónarmaður skrifstofu* er á launum hjá félaginu og sér um daglegan rekstur félagsins ásamt þeim störfum sem stjórn ákveður hverju sinni, samkvæmt verklagsreglum. Stjórn tekur ákvörðun varðandi starfshlutfall og laun ~~skrifstofustjóra~~ *umsjónarmanns skrifstofu*.

Rök fyrir breytingu á starfsheiti: hefðbundið er að nota orðið skrifstofustjóri yfir fólk sem hefur mannaforráð, en starfsmaður skrifstofu hefur ekki mannaforráð og því starfsheitið hjákátlegt.

Eftir breytingu á 11 grein/4:

Stjórnin getur ráðið starfsmann sem umsjónarmann skrifstofu félagsins. Umsjónarmaður skrifstofu er á launum hjá félaginu og sér um daglegan rekstur félagsins ásamt þeim störfum sem stjórn ákveður hverju sinni, samkvæmt verklagsreglum. Stjórn tekur ákvörðun varðandi starfshlutfall og laun umsjónarmanns skrifstofu.

Úr 11. gr.

Stjórnar- og nefndarmenn fá greitt fyrir fundasetu, varamenn stjórnar og nefnda fá ekki greitt nema þeir séu kallaðir inn til starfa.
Greiðsla fyrir fundasetu stjórnar- og nefndarmanna séu ákvörðuð með hliðsjón af meðallaunum viðurkenndra bókara.

Tillaga að breytingu á 11 grein/5:

Stjórnar- og nefndarmenn fá greitt fyrir ~~fundasetu~~ *vinnu sína í þágu félagsins samkvæmt umboði stjórnar hverju sinni*. Varamenn stjórnar og nefnda fá ekki greitt nema þeir séu kallaðir inn til starfa.

Greiðsla fyrir ~~fundasetu~~ *vinnu* stjórnar- og nefndarmanna ~~seu~~ *er* ákvörðuð með hliðsjón af meðallaunum/~~meðalverktakalaunum~~ *viðurkenndra bókara og miðast við launakönnun fvb frá árinu á undan. Ekki er farið fram úr samþykktri kostnaðaráætlun fyrir hvert starfsár hvað varðar greiðslu launa* ~~alls til umsjónarmanns skrifstofu fvb og stjórnar- og nefndarmanna fvb.~~

Eftir breytingu á 11 grein/5:

Stjórnar- og nefndarmenn fá greitt fyrir vinnu sína í þágu félagsins samkvæmt umboði stjórnar hverju sinni. Varamenn stjórnar og nefnda fá ekki greitt nema þeir séu kallaðir inn til starfa.

Greiðsla fyrir vinnu stjórnar- og nefndarmanna er ákvörðuð með hliðsjón af meðallaunum/meðalverktakalaunum viðurkenndra bókara og miðast við launakönnun fvb frá árinu á undan. Ekki er farið fram úr samþykktri kostnaðaráætlun fyrir hvert starfsár hvað varðar greiðslu launa ~~alls til umsjónarmanns skrifstofu fvb og stjórnar- og nefndarmanna fvb.~~

Úr 11. gr.

Að hámarki er greitt fyrir starfsárið:
20 tímar hjá hverjum stjórnarmanni
18 tímar hjá hverjum fræðslunefndarmanni
8 tímar hjá hverjum laganeftarmanni
4 tímar hjá hverjum skemmtineftarmanni
1 tími hjá skoðunarmanni

Tillaga að breytingu á 11 grein/6:

Að hámarki er greitt fyrir starfsárið:

Greitt samkvæmt umboði við kosningu á aðalfundi: 2 klst fyrir hvern setinn stjórnar- eða nefndarfund í þágu félagsins, að hámarki 12 fundir hjá stjórn, 10 fundir hjá fræðslunefnd, 5 fundir hjá laga-samskipta og aganefnd, 3 fundir hjá skemmtinefnd og 1 fundur hjá skoðunarmönnum. Greitt er samkvæmt mætingu hvers nefndar- eða stjórnarmanns.

Að auki eru formönnum greidd hálf til ein klukkustund fyrir undirbúning hvers fundar, eftir umfangi.

Greitt er fyrir önnur störf sem á fundum er deilt á milli nefndar- og stjórnarmanna samkvæmt gildandi verklagsreglum og samkvæmt innsendum tímaskýrslum. Sérhver nefndar- eða stjórnarmaður verður að halda tímaskýrslu fyrir öll þau störf sem honum eru falin og aðeins er heimilt að útdeila verkum samkvæmt gildum verklagsreglum eða lögum þessum. Ekki er greitt fyrir samskipti innan nefnda og stjórnar á borð við tölvupóstsamskipti eða símtöl sem teljast til venjulegra félagsstarfa, einungis störf sem eru í þágu félagsins. Ekki eru greidd laun fyrir setu á aðalfundum, félagafundum eða námskeiðum. Aðrir fundir sem formenn sækja í þágu félagsins og fyrir hönd sinna nefnda samkvæmt verklagsreglum, til dæmis með öðrum álíka fagaðilum, félagasamtökum eða opinberum stofnunum, eru greiddir á sama hátt og stjórnar- og nefndarfundir, 2 klst fyrir hvern fund. Ef einstaka nefndar- og stjórnarmönnum eru falin slík verkefni samkvæmt verklagsreglum, er greitt fyrir það á sama hátt.

20 tímar hjá hverjum stjórnarmanni
18 tímar hjá hverjum fræðslunefndarmanni
8 tímar hjá hverjum laganeftarmanni
4 tímar hjá hverjum skemmtineftarmanni
1 tími hjá skoðunarmanni

Eftir breytingu á 11 grein/6:

Að hámarki er greitt fyrir starfsárið:

Greitt samkvæmt umboði við kosningu á aðalfundi: 2 klst fyrir hvern setinn stjórnar- eða nefndarfund í þágu félagsins, að hámarki 12 fundir hjá stjórn, 10 fundir hjá fræðslunefnd, 5 fundir hjá laga-samskipta og aganefnd, 3 fundir hjá skemmtinefnd og 1 fundur hjá skoðunarmönnum. Greitt er samkvæmt mætingu hvers nefndar- eða stjórnarmanns.

Að auki eru formönnum greidd hálf til ein klukkustund fyrir undirbúning hvers fundar, eftir umfangi.

Greitt er fyrir önnur störf sem á fundum er deilt á milli nefndar- og stjórnarmanna samkvæmt gildandi verklagsreglum og samkvæmt innsendum tímaskýrslum. Sérhver nefndar- eða stjórnarmaður verður að halda tímaskýrslu fyrir öll þau störf sem honum eru falin og aðeins er heimilt að útdeila verkum samkvæmt gildum verklagsreglum eða lögum þessum. Ekki er greitt fyrir samskipti innan nefnda og stjórnar á borð við tölvupóstsamskipti eða símtöl sem teljast til venjulegra félagsstarfa, einungis störf sem eru í þágu félagsins. Ekki eru greidd laun fyrir setu á aðalfundum, félagafundum eða námskeiðum. Aðrir fundir sem formenn sækja í þágu félagsins og fyrir hönd sinna nefnda samkvæmt verklagsreglum, til dæmis með öðrum álíka fagaðilum, félagasamtökum eða opinberum stofnunum, eru greiddir á sama hátt og stjórnar- og nefndarfundir, 2 klst fyrir hvern fund. Ef einstaka nefndar- og stjórnarmönnum eru falin slík verkefni samkvæmt verklagsreglum, er greitt fyrir það á sama hátt.

Formenn allra nefnda senda inn skýrslu vegna fundasetu nefndarmanna á hverju sex mánaða tímabili og eru laun/verktakalaun greidd samkvæmt því.

Tillaga að breytingu á 11 grein/7:

~~Formenn allra nefnda senda inn skýrslu vegna fundasetu nefndarmanna á hverju sex mánaða tímabili og eru laun/verktakalaun greidd samkvæmt því.~~

Formenn nefnda skrá tímafjölda sinn og hvers nefndarmanns hjá þeirri nefnd sem þeir stýra og leggja til samþykktar þar, en senda síðan til formanns fvb. Formaður fvb áframsendir samþykkt yfirlit til gjaldkera sem greiðir reikninga samkvæmt því, eftir því sem þeir berast.

Formaður fvb skráir tímafjölda sinn og annarra stjórnarmanna fvb með sama hætti og leggur til samþykktar fyrir stjórn og greiðir gjaldkeri reikninga samkvæmt því eftir því sem þeir berast. Sérhver stjórnar- og nefndarmaður getur sent reikning mánaðarlega eða sjaldnar að fenginni ofantalinni staðfestingu. Reynt er að greiða fyrir þá vinnu sem tilheyrir starfsárinu í síðasta lagi í þeim mánuði sem næsti aðalfundur er haldinn og þá kallað eftir reikningum sem upp á vantar.

Eftir breytingu á 11 grein/7:

Formenn nefnda skrá tímafjölda sinn og hvers nefndarmanns hjá þeirri nefnd sem þeir stýra og leggja til samþykktar þar, en senda síðan til formanns fvb. Formaður fvb áframsendir samþykkt yfirlit til gjaldkera sem greiðir reikninga samkvæmt því, eftir því sem þeir berast.

Formaður fvb skráir tímafjölda sinn og annarra stjórnarmanna fvb með sama hætti og leggur til samþykktar fyrir stjórn og greiðir gjaldkeri reikninga samkvæmt því eftir því sem þeir berast. Sérhver stjórnar- og nefndarmaður getur sent reikning mánaðarlega eða sjaldnar að fenginni ofantalinni staðfestingu. Reynt er að greiða fyrir þá vinnu sem tilheyrir starfsárinu í síðasta lagi í þeim mánuði sem næsti aðalfundur er haldinn og þá kallað eftir reikningum sem upp á vantar.

Úr 12 gr.

12. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin skal í hvívetna gæta hagsmuna félagsins í störfum sínum.

Stjórnin skal setja verklagsreglur fyrir stjórn og nefndir.

Stjórnin skal hafa heimild til að skipa nefndir til lengri eða skemmri tíma.

Tillaga að breytingum á 12 grein:

Stjórnin skal setja verklagsreglur fyrir stjórn og nefndir, **enda starfa þær á ábyrgð stjórnar.**

Stjórnin skal hafa **hefur** heimild til að skipa nefndir til lengri eða skemmri tíma **og ákvarða laun þeirra innan þeirrar samþykktu kostnaðaráætlunar sem fyrir liggur hverju sinni.**

Eftir breytingu á 12 grein:

Stjórnin skal setja verklagsreglur fyrir stjórn og nefndir, enda starfa þær á ábyrgð stjórnar.

Stjórnin hefur heimild til að skipa nefndir til lengri eða skemmri tíma og ákvarða laun þeirra innan þeirrar samþykktu kostnaðaráætlunar sem fyrir liggur hverju sinni.

Úr 17 gr

17. gr.

Í gerðabók skal einnig skrá skýrslu um stjórnarfundir með sama hætti og undirrita hana allir viðstaddir stjórnarmenn. Gerðabók getur einnig verið í tölvutæku formi og er staðfesting á fundargerð síðasta fundar getið í upphafi næsta fundar. Fundargerð aðalfundar staðfestist með tilkynningu til félagsmanna eftir að hún hefur verið birt og athugasemdir bókaðar.

Tillaga að breytingu á 17 grein:

Í gerðabók skal einnig skrá skýrslu **færa árskýrslu stjórnar** um stjórnarfundir **og aðra starfsemi stjórnar fvb á árinu** með sama hætti og undirrita hana allir viðstaddir stjórnarmenn, eða meiri hluti stjórnar. **Í gerðabók eru einnig færðar allar samþykktar stjórnarfundargerðir ársins.** Gerðabók getur einnig verið í tölvutæku formi og er staðfesting á fundargerð síðasta fundar getið í upphafi næsta fundar. Fundargerð aðalfundar staðfestist með tilkynningu til félagsmanna eftir að hún hefur verið birt og athugasemdir bókaðar.

Eftir breytingu á 17 grein:

Í gerðabók skal einnig færa árskýrslu stjórnar um stjórnarfundir og aðra starfsemi stjórnar fvb á árinu með sama hætti og undirrita hana allir stjórnarmenn, eða meiri hluti stjórnar. Í gerðabók eru einnig færðar allar samþykktar stjórnarfundargerðir ársins. Fundargerð aðalfundar staðfestist með tilkynningu til félagsmanna eftir að hún hefur verið birt og athugasemdir bókaðar.

úr 19 gr.

19. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fyrir fjárhagsáætlun næsta starfsárs til kynningar.

Tillaga að breytingu á 19 grein:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fyrir **kostnaðaráætlun fjárhagsáætlun næsta starfsreikningsárs** til kynningar **og samþykktar. Þar skal með skýrum hætti koma fram umboð stjórnar til hámarks launagreiðslna til starfsmanns félagsins og vegna nefnda og stjórnarstarfa. Fyrir starfsmann er þar miðað við reikningsárið en fyrir nefndar- og stjórnarmenn fyrir starfsárið, sem er á milli aðalfunda.**

Eftir breytingu á 19. grein:

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fyrir **kostnaðaráætlun næsta reikningsárs** til kynningar **og samþykktar. Þar skal með skýrum hætti koma fram umboð stjórnar til hámarks launagreiðslna til starfsmanns félagsins og vegna nefnda og stjórnarstarfa. Fyrir starfsmann og vanabundna kostnaðarliði er þar miðað við reikningsárið en fyrir nefndar- og stjórnarmenn fyrir starfsárið, sem er á milli aðalfunda.**

úr 20 gr

20. gr.

Aðalfundur ákveður félagsgjald og inntökugjald fyrir hvert ár fyrirfram.

Stjórn félagsins er heimilt að fella niður félagsgjald ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Sé félagsmaður í skuld við félagið í 2 ár eða lengur er stjórninni heimilt að fella hann af félagskrá, sbr. 6. gr.

Tillaga að breytingu á 20 gr:

Aðalfundur ákveður félagsgjald og inntökugjald fyrir hvert ár fyrirfram.

Stjórn félagsins er heimilt að fella niður félagsgjald ef sérstakar ástæður eru fyrir

hendi. Sé félagsmaður í skuld við félagið í 2 ár eða lengur er stjórninni heimilt **ber stjórn** að fella hann af félagaskrá, sbr. 6. gr.

Eftir breytingu á 20 gr:

Aðalfundur ákveður félagsgjald og inntökugjald fyrir hvert ár fyrirfram.

Sé félagsmaður í skuld við félagið í 2 ár eða lengur **ber stjórn** að fella hann af félagaskrá, sbr. 6. gr.

úr 22 gr

22. gr.

Félagsmaður skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlestrum sem haldnir eru utan félagsins á þar gerðu eyðublaði og ber að skila því ásamt staðfestingu á þátttöku til fvb fyrir 31. janúar ár hvert.

Félagið heldur skrá yfir einingafjölda hvers félagsmanns og tilkynnir viðkomandi félagsmanni ef hann uppfyllir ekki ákvæði 21. gr. um endurmenntun. Félagið sjálf ber ekki kostnað vegna endurmenntunar félagsmanna.

Tillaga að breytingum á 22 gr:

Félagsmaður skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlestrum sem haldnir eru utan

félagsins á þar gerðu eyðublaði og ber að skila því ásamt staðfestingu á þátttöku til fvb fyrir 31. janúar ár hvert fyrir árið á undan. Stjórn fvb samþykkir eða synjar skráningu námskeiða eftir því hvort þau tilheyra fagsviði bókara.

Félagið Stjórn fvb heldur skrá yfir fjölda endurmenntunareininga hvers félagsmanns og tilkynnir viðkomandi félagsmanni ef hann uppfyllir ekki ákvæði 21. gr. um endurmenntun að aflokinni úttekt 31. janúar. Honum er gefinn kostur á að skila innan mánaðar gögnum um námskeið sem hann hefur sótt. Ef félagi er tekinn út af félagaskrá í samræmi við 6.gr. um endurmenntunarkröfu, þá getur hann sótt um félagsaðild aftur með því að skila gögnum um námskeið sem uppfylla kröfur félagsins og sem skili amk 12 endurmenntunareiningum.

Eftir breytingar á 22 gr:

Félagsmaður skal skrá þátttöku sína í námskeiðum eða fyrirlestrum sem haldnir eru utan félagsins á þar gerðu eyðublaði og ber að skila því ásamt staðfestingu á þátttöku til fvb fyrir 31. janúar ár hvert fyrir árið á undan. Stjórn fvb samþykkir eða synjar skráningu námskeiða eftir því hvort þau tilheyra fagsviði bókara.

Stjórn fvb heldur skrá yfir fjölda endurmenntunareininga hvers félagsmanns og tilkynnir viðkomandi félagsmanni ef hann uppfyllir ekki ákvæði 21. gr. um endurmenntun að aflokinni úttekt 31. janúar. Honum er gefinn kostur á að skila innan mánaðar gögnum um námskeið sem hann hefur sótt. Ef félagi er tekinn út af félagaskrá í samræmi við 6.gr. um endurmenntunarkröfu, þá getur hann sótt um félagsaðild aftur með því að skila gögnum um námskeið sem uppfylla kröfur félagsins og sem skili amk 12 endurmenntunareiningum.

úr 23 gr:

Breytingar á lögum

23. gr.

Tillagna um breytingar á lögum félagsins eða um félagaslit skal ítarlega getið í fundarboði og skulu þær bornar fram á aðalfundi. Öðlast þær tillögur aðeins gildi ef 2/3 hlutar greiddra atkvæða eru með þeim.

Tillaga að breytingum á 23 grein:

~~Tillagna~~ Stjórnin kallar eftir tillögum um breytingar á lögum félagsins eða um félagaslit skal ítarlega getið í aðalfundarboði og kynnir innsendar tillögur á heimasíðu félagsins fimm dögum fyrir aðalfund og skulu þær bornar fram á aðalfundi. Öðlast þær tillögur aðeins gildi ef 2/3 hlutar greiddra atkvæða eru með þeim. Sérhver tillaga að breytingu á einstakri lagagrein er borin upp ein í einu til samþykktar. Hægt er að koma með breytingatillögur að lagabreytingum á aðalfundi, en ekki nýjar tillögur að lagabreytingum.

Eftir breytingar á 23 grein:

Stjórnin kallar eftir tillögum um breytingar á lögum félagsins í aðalfundarboði og kynnir innsendar tillögur á heimasíðu félagsins fimm dögum fyrir aðalfund og skulu þær bornar fram á aðalfundi. Öðlast þær tillögur aðeins gildi ef 2/3 hlutar greiddra atkvæða eru með þeim. Sérhver tillaga að breytingu á einstakri lagagrein er borin upp ein í einu til samþykktar. Hægt er að koma með breytingatillögur að lagabreytingum á aðalfundi, en ekki nýjar tillögur að lagabreytingum.
